# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 29

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Bnf. 30/8 '09

Bg. 16

Hjermeð leyfi jeg mjer að fara þess á leit, við hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur að henni mætti þóknast að leyfa mjer að setja skorstein í pakkhúsið No 3 við Fischerssund og breyta kjallaranum í sama húsi í járnsmíðaverkstæði, og loftinu í íbúð.

Virðingarfyllst.

Sigurður Sigurðsson
járnsmiður.

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rok 479/ ... Bygg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg leyfi mjer enn á ný að fara
þess á leit við hina heiðruðu byggingar
nefnd, hvort mjer ekki væri leyfilegt
að breyta skúr við vesturgafl húss
míns Nr. 16 við Nýlendugötu, á minni
eigin lóð, svo að skúrinn væri jafn
húsbreiddinni, en 4/2 al. til vesturs
frá húsgaflinum. Breidd til
næsta húss yrði samt ~~yfir~~ 12 álnir.
Fái jég ekki ofanskrifaða ívilnun
verð jég að fara fram á að bæjar-
sjóður kaupi af mjer ofan um-
rædda[n] ~~bæjar~~ renning, sem að
mjer væri þá óþörf eign, innungis

483

B. P. ...
1909 ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lóðargjaldskostnaðar o. fl.

Nýlendugötu 16 Reykjavík 24. ágú. 1909

Jón Einarsson

Teikningu viðvíkjandi ofanskrifaðri breytingu ~~sendi jeg~~ hef jeg áður sent með hinni fyrri beiðni minni.

J. E.

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 17 Agúst 1909

Jeg undirritaður leifi mjer hjer með að biðja hina háttvirtu bygginganefnd Reykjavíkur að leifa mér að gera breytingu á húsi er jeg er að láta byggja, og bygginganefnd hefur áður samþykt.

breitinguna er sem hjer seger

Fyrir 3 fjögra-rúðu-glugga sem er á hinni samþyktu teikningu á framhlið hússins, komi: 2 . fjósettir gluggar

og Óska jeg að hinir háttvirtu fulltrúar riti nöfn sín á þetta bréf ef þeir samþikka breitingu þessa

Með mikilli virðingu
Björn Jónsson
Hverfisgötu 26

Samþikkir.

Fyrir mitt leyti vil jeg samþykkja breytinguna með því skilyrði, að bilin þrjú, sem sje beggja megin gluggana og á milli þeirra, verði jafnstór eða því sem næst. Reykjavík 20. águst 1909
Rögnvaldur Ólafsson.

Undirskrifaður samþykkir hvað mig snertir.
Kristján Þorgrímsson

Jeg fyrir mitt leyti vil leyfa það, þótt það af til vill líti ekki eins vel út.
Sighvatsson.

Samþykkur breytingunni
Páll Einarsson

Sömuleiðis Jón Jensson

K Zimsen.

Sveinn Jónsson

482
Reykjavík 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 19. ágúst 1909.

Hjermeð leyfi jeg mjer að biðja hina háttvirtu Byggingarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar leyfis að mega breyta geimsluhúsi (pakkhúsi) mínu í Bergstaðastræti 11a í íbúðarhús, eptir því fyrirkomulagi, sem meðfylgjandi uppdráttur sýnir, og sjest stærð hússins í teikningunni.

Grindarviðir úr 5x5" trjám, gólfbitar og loftbitar 5x6" með 29" millibili, gólfborð 5/4". Utan á grindinni eru 1" borð með pappa á listum og bárujárni.
Innan er húsið þiljað með 3/4" panelborðum sem jeg ætla að klæða með pappa.
Öll skilrúm í húsinu eiga að vera tvöföld.
Ekki ætla jeg mjer að byggja ofaná húsið, einungis innrjetta það, eins og þegar er tiltekið.
Svar hinnar heiðruðu nefndar óskast hið allra fyrsta.

Virðingarfyllst
Tómas Tómasson
Blikksmiður

B. Rvk. 481/1909 By. 16

Til
Byggingarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hátt virt byggingar nefnd!

Hjer með leyfi ég mjer undirrituð að fara þess á leit, að fá leyfi yðar til að byggja skúr (til geimslu) bak við húsið Nr. 15. við vesturgötu, eptir meðfylgjandi uppdrætti af lóð og afstöðu hússins. Skúr þessi verður 6 × 4 al. meðal hæð 3¼ al.

Reykjavík 27 Ágúst 1909

Virðingarfyllst

Katrín Jóhannesdóttir

B. Rvk $\frac{480}{1909}$ B. M.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á húseign minni № 29. við Bergstaðastræti hjér í bænum verð jeg óumflyjanlega, að gera þá breitingu að taka einn glugga af kjallaraveggnum af fjórum á þeirri hlið hússins sem að götunni snýr og setja þar í staðinn hurð (inngang i kjallarann), þess skal getið að enga tröppusteina eða tröppur þarf. Leyfi eg mjer því að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnef Reykjavíkur að henni mætti þóknast að leyfa mér þessa lítil fjörlegu breitingu á nefndum hús kjallara, og jeg gæti fengið að vita undir tekir á erindi þessu hið allra fyrsta

Reykjavík 27. águst 1909

Virðingarfyllst

Gunnar Björnsson

B. Rvk. 478

Til byggingarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirskrifaður leyfi mér, að bjóða hinni heiðruðu byggingarnefnd og bæjarstjórn, lóðina sem fylgir húsinu nr. 7 við Bankastræti til breikkunar á götunni og undir framlenging Ingólfsstrætis í skiftum fyrir jafnstóran blett af túninu fyrir norðan lóðina samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti

Reykjavík 28 ágúst 1909

Guðmundur Jakobsson

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur.

Þ. Rvk. 477/1909 By 16

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer virðingarfylst að fara þess á leit, að hin háttvirta byggingarnefnd Reykjavíkur, veiti mjer þá undanþágu frá ákvæðum byggingarnefndarinnar [samþyktarinnar], að það, að milligerðin, í útiskúrnum, sem er steypt, megi vera eins og hún er, og að bakstigi sá er nota skal, þegar eld ber að höndum, sem brandstigi, megi vera eins og honum er fyrirkomið, þareð þetta fyrirkomulag hlýtur að vera að öllu hættulaust, og af því, og eigi hægt að koma þessu betur fyrir í hinu nýbygða Steinhúsi mínu á Norðurstíg.

Reykjavík, 26. ágúst 1909.

Virðingarfylst
Guðjón S. Jónsson

Til
Byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk. 476/1909 1/5.10

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Bergur Einarson**
sútari

Reykjavík ..................19
Ísland

Eins og hinni heiðruðu byggingarnefnd Reykjavíkur mun vera kunnugt, hefi jeg fengið ljeðan lóðarblett hjá bæjarstjórninni um 15 ára tímabil liggjandi við sjó í Skuggahverfi milli slátrunarhúss Jóns kaupmanns Þórðarsonar að vestan og Miðhúsalóðar að austan og lóðar bóndans í No 16 B á Vatnsstíg að ofan.
Á lóð þessari hefi jeg hugsað mjer að reisa laustlegt skýli og vil leyfa mjer að biðja hina heiðruðu byggingarnefnd um undanþágu frá ákvæðum þeim í byggingarsamþyktinni, er kunna að snerta slíka byggingu.
Jeg vil leyfa mjer að geta þess, að stafir alla hefi jeg hugsað mjer að hafa ekki úr rýrari trjám, en 4×4. bita úr 4×5.

Teikningu af skýli þessu ásamt teikningu af lóðinni leyfi jeg mjer að láta fylgja hjer með.

Virðingarfyllst
Reykjavík 27. ágúst 1907
Bergur Einarsson
sútari

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 4/5 1909 By. 16

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

af fundargjörð byggingarnefndarinnar 30-8-09

Ár 1909, mánudaginn 30. ágúst kom bygging-arnefnd saman á fund og voru þau mál á dagskrá, er hjer greinir.

1. Sigurði Sigmundssyni járnsmið, er sækir um leyfi til, að mega setja reykháf á pakkhúsið Fischerssundi 3 og breyta kjallaranum í járnsmiðju, veitir byggingarnefnd fyrir sitt leyti samþykki sitt til þessara breytinga, en vísar umsókninni að öðru leyti til umsagnar brunamálanefndar.

2. Tómasi Tómassyni ölgerðarmeistara leyft að breyta geymsluhúsi hans Bergstaðastr. 11 a í íbúðarhús samkv. uppdrætti og umsókn.

3. Guðjóni S. Jónssyni synjað um leyfi til að mega hafa báða stiga í húsi hans á Norðurstíg upp að sama þilinu einföldu, og skal hann gera veggina milli stiganna samkv. byggingarsamþ.

4. Katrínu Jóhannsdóttur leyft að byggja geymsluskúr, 6° x 4° að ummáli og að meðaltali 3¼ á hæð, bak við húsið Vesturgötu 14.

5. Gunnari Björnssyni leyft að taka einn glugga af fjórum úr götuhlið kjallarans undir húsi hans Bergstaðastr. 29 og gera dyr með hurð í staðinn. Inngöngurið þarf engin.—

6. Baldvin sútara Einarssyni leyft að reisa bráðabyrgðaskýli, 12° x 12°, 8½ al. á hæð, og skúr 5½° x 12°, á bletti þeim, er hann hefur fengið ljeðan hjá bæjarstjórninni til 15 ára. Bletturinn er í hvarfinu milli Skálholts Jóns Þórðarsonar að vestan og Miðhússlóðar að austan, en lóðar bóndans á Vatnsstíg 16 b að sunnan.

7. Guðmundur Jakobsson trjesmíðameistari býður byggingarnefnd og bæjarstjórn lóðina

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem fylgir húsinu nr. 7 við Bankastræti til breikkunar á götunni og undir framlenging Ingólfsstrætis í skiptum fyrir jafnstóran blett af túninu fyrir norðan lóðina: Erindi þessu vísað til aðgerða bæjarstjórnar.

8. Erindi Jóns Einarssonar um að mega byggja skúr við vesturgafl húss hans í Nýlendugötu 16 synjað um samþykki (sjá 12-9-08, 3. lið).

Fleira ekki fyrir tekið

Á fund vantaði Jón Jensson, Knud Zimsen og K. Þorgrímsson

Fundi slitið

Páll Einarsson

Rögnvaldur Ólafsson

Sveinn Jónsson Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Útskrift

af fundargjörð byggingarnefndarinnar 30-8-09

Ár 1909, mánudaginn 30. ágúst kom bygging arnefnd saman á fund og voru þau mál á dagskrá, er hjer greinir.

1. Sigurði Sigmundssyni járnsmið, er sækir um leyfi til að mega setja reykháf á pakkhúsið Fischers sundi 3 og breyta kjallaranum í járnsmiðju, veitir byggingarnefnd fyrir sitt leyti samþykki sitt til þessara breytinga, en vísar umsókninni að öðru leyti til umsagnar brunamálanefndar.
2. Tómasi Tómassyni slátrarameistara leyft að breyta geymsluhúsi hans Bergstaðastr. 11 a í íbúðarhús samkv. uppdrætti og umsókn.
3. Guðjóni S. Jónssyni synjað um leyfi til að mega hafa báða stiga í húsi hans á Norðurstíg upp að sama þilinu einföldu, og skal hann gera veggina milli stiganna samkv. byggingarsamþ.
4. Katrínu Jóhannsdóttur leyft að byggja geymsluskúr, 6° x 4° að ummáli og að meðaltali 3¼° á hæð, bak við húsið. Vesturgötu 14.
5. Gunnari Björnssyni leyft að taka einn glugga af fjórum úr götuhlið kjallarans undir húsi hans Bergstaðastr. 29 og gera dyr með hurð í staðinn. Inngönguriið þarf engin.-
6. Baldvin sútara Einarssyni leyft að reisa bráðabyrgðarskýli, 12° x 12°, 8½ al. á hæð, og skúr 5½° x 12°, á bletti þeim, er hann hefur fengið hjá bæjarstjórninni til 15 ára. Bletturinn er í hverfinu milli Sláturhúss Jóns Þórðarsonar að vestan og Miðhússlóðar að austan, en lóðar bóndans á Vatnsstíg 16 b að sunnan.
7. Guðmundur Jakobsson trjesmíðameistari býður byggingarnefnd og bæjarstjórn. lóðin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem fylgir húsinu nr. 7 við Bankastræti til breikkunar á götunni og undir framlenging Ingólfsstrætis í skiftum fyrir jafnstóran blett af túninu fyrir norðan lóðina". Erindi þessu vísað til afgerða bæjarstjórnar.

8. Erindi Jóns Einarssonar um að mega breyta skúr við vesturgafl húss hans Nýlendugötu 16 synjað um samþykki (sjá 12-9-08, 3. lið,

Fleira ekki fyrir tekið

Á fund vantaði Jón Jensson, Knud Zimsen og K. Þorgrímsson

Fundi slitið

Páll Einarsson

Rögnvaldur Ólafsson

Sveinn Jónsson Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur